



Hvað er Heilsuvera.is?

Á heilbrigðisgáttinni Heilsuvera.is geta landsmenn nálgast á öruggan hátt eigin upplýsingar sem skráðar eru innan heilbrigðiskerfisins. Fyrst um sinn er þar að finna upplýsingar um eigin lyfjanotkun og bólusetningar auk þess sem gáttin býður upp á þann möguleika að bóka tíma í heilsugæslu og óska eftir endurnýjun lyfjaávisana á rafrænan hátt. Heilsuvera.is er hins vegar í stöðugri þróun og þegar fram líða stundir er stefnt að því að öll sjúkraskrá einstaklinga verði þar aðgengileg. Heilbrigðisgáttin mun því auðvelda og veita betri yfirsýn yfir samskipti við heilbrigðisþjónustuna en tíðkast hefur til þessa, en við það skapast einnig tækifæri til aukinnar þátttöku í eigin meðferð. Tilgangur heilbrigðisgáttarinnar er ennfremur að stuðla að auknu öryggi í meðferð sjúklinga og minnka kostnað heilbrigðisþjónustunnar.

Nær allar heilsugæslustöðvar landsins bjóða nú upp á þjónustu á Heilsuvera.is. Einungis fimm stöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru ekki enn tengdar heilbrigðisgáttinni, þ.e. heilsugæslustöðin Efstaleiti, heilsugæslustöðin Hlíðum, heilsugæslustöðin Salahverfi og heimilislæknastöðin Uppsölum í Kringlunni. Heilsugæslustöðin Lágmúla mun bjóða upp á tengingu Heilsuveru innan tíðar og einnig Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Embætti landlæknis hefur þróað heilbrigðisgáttina Heilsuvera.is í nánú samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og hugbúnaðarfyrirtækið TMSoftware. Heilbrigðisgáttin var styrkt af Upplýsingasamfélaginu og hefur þegar fengið tvær viðurkenningar. Annars vegar hlaut hún [viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnýslu árið 2015](#) og hins vegar sem [besti íslenski vefurinn árið 2014](#).

Hvernig á að nota Heilsuvera.is?

Til þess að nýta sér heilbrigðisgáttina Heilsuvera.is þarf að vera skráður á heilsugæslustöð. Heilsuvera.is virkar á

öllum tækjum, hvort sem um er að ræða tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma. Gerð er krafa um rafræn skilríki til að hægt sé að skrá sig á Heilsuvera.is. Ástæðan er sú að heilbrigðisupplýsingar flokkast sem viðkvæmar persónuupplýsingar og mikilvægt er að tryggja vernd þeirra eins og kostur er. Rafræn skilríki eru eina leiðin til auðkenningar sem er nægjanlega örugg.

Á Heilsuvera.is getur notendi skráð upplýsingar um símanúmer sitt og netfang til þess að geta tekið á móti skilaboðum frá heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstarfsfólki. Hægt er að fá yfir-



Um Veru Innskráning



Vera - Heilsuveru

Skilmálar Um Veru Hjálp Hafa samband

Efni:

Hvað er Heilsuvera.is?

bls.

1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



10. árgangur. 8. tölublað. September 2016

lit yfir **ofnæmi** sem skráð hefur verið í sjúkraskrá, sjá nafn heilsugæslustöðvar sem viðkomandi er skráður á, **bóka tíma** hjá lækni og sjá næsta bókaða tíma á heilsugæslustöð. Þá veitir Heilsuvera.is ennfremur yfirlit yfir **bólusetningar** sem skráðar hafa verið í bólusetningagrunn Embættis landlæknis, bæði upplýsingar um bóluefnið sem notað var og við hvaða sjúkdómi bólusetting var gegn. Þá má taka afstöðu til **liffæragjafar** á Heilsuvera.is og lesa ýmsar spurningar og svör sem því tengjast.

Á Heilsuvera.is geta notendur nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar um eigin **lyfjanotkun**. Þar fæst til að mynda yfirlit yfir heiti þeirra lyfja sem ávísað hefur verið á viðkomandi notanda og hvaða lyfjaflokkum þau tilheyra, hversu margar afgreiðslur eru eftir af fjölnota lyfseðli, dagsetningu síðustu afgreiðslu, gildistíma lyfseðils og leiðbeiningar um notkun lyfs. Þá er hægt að óska eftir endurnýjun lyfseðils, en skilyrði fyrir rafrænni endurnýjun er þó að vera skráður á heilsugæslustöð. Að lokum er hægt að nálgast upplýsingar um um eigin lyfjasögu þrjú ár aftur í tímann.

Þróun framundan

Nú í októbermánuði verður Heilsan mín gerð aðgengileg á Heilsuvera.is. Þar verður hægt að skrá inn eigin mælingar á blóðþrýstingi, púls, hita, hæð, þyngd, blóðsykri og kólesteróli. Auðvelt verður að fylgjast með þróun eigin mælinga á yfirlitsmynd.

Meðal annarra væntanlegra nýjunga í heilbrigðisgáttinni er yfirlit yfir dagsetningar komu á heilsugæslustöð og legu á sjúkrahúsi, yfirlit yfir stöðu lyfjaskírteina, samantekt sjúkraskrár krabba-meinsveikra barna, rafrænar tíma-bókanir hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum, rafræn útfylling spurningalista fyrir komu til læknis, yfirlit yfir hver hefur flett upp í sjúkraskránni, fullur

Lyf	Afgreiðslur	Síðast afgreitt	Gildir til	Notkun	Aðgerðir
▼ Augn- og eynalyf					
DIAMOX 250 mg	<input type="checkbox"/>		31.08.2015	1 tafla á dag	
DIAMOX 250 mg	<input checked="" type="checkbox"/>	07.10.2014	01.10.2015	1 stk 1 sinni á dag	
DIAMOX 250 mg	<input type="checkbox"/>		07.10.2015	1 stk 1 sinni á dag	
▼ Hjarta- og æðakerfi					
ATACOR 20 mg	<input type="checkbox"/>		30.09.2015	1 tafla að morgni, 1 um hádegis, 1 um miðjan dag	
METOPROLOL MYLAN 50 mg	<input type="checkbox"/>		05.06.2015	1 tafla á dag	
▼ Hormónalyf til alltækrar notkunar (systemic use), önnur en kynhormón og Insúlín					

Heilsan mín getur þér möguleika á að skrá og halda utan um eigin lífsmörk.

- Blóðþrýstingur:** Chart showing blood pressure trends from Oct '15 to Apr '16.
- Hæð og þyngd:** Chart showing height and weight trends from Jul '11 to Jan '12.
- Líkamshiti:** Chart showing body temperature trends from 16. Apr to 24. Apr.
- Blóðsykur:** Chart showing blood sugar trends from Feb '16 to Apr '16.

aðgangur verðandi móður að mæðra-verndarskýrslum og niðurstöðum fósturgreininga. Síðar bætist við frekari aðgangur að eigin sjúkraskráupplýsingum ásamt rannsóknarniðurstöðum og leið-

beiningum sniðnum að einstaklingnum varðandi sjúkdóm, svo eitthvað sé nefnt.




10. árgangur. 8. tölublað. September 2016


Frá því að Heilsuvera.is var opnuð hefur notkun almennings á heilbrigðisgáttinni aukist í takt við fjölgun heilsugæslustöðva sem nota vefinn. Mynd 1 sýnir fjölda innskráninga á Heilsuvera.is. Notkunin hefur farið vaxandi jafnt og þétt frá því heilbrigðisgáttin var opnuð á heilsugæslustöðinni Glæsibæ í október 2014 þar til í lok ágúst mánaðar 2016. Nánari greining sýnir að endurnýjun lyfjaávisana er sú þjónusta sem mest er notuð (mynd 2).

Embættið mun á næstunni standa fyrir auglýsingaherferð um notkun heilbrigðisgáttarinnar. Vonir standa til að þegnar landsins taki nýjunginni opnum örmum og nýti sér sem best þá þjónustu sem býðst í gegnum Heilsuvera.is.

G. Auður Harðardóttir
Ingi Steinar Ingason



Mynd 1. Fjöldi innskráninga á Heilsuvera.is frá október 2014 til ágústloka 2016.



Mynd 2. Fjöldi lyfjaendurnýjana og rafrænna tímabókana á Heilsuvera.is allt árið 2015 til ágústloka 2016.